

Minnisblað

Tilvísun: 2.120.031

22.05.2017

Til: Eskja
Haukur Jónsson

Efni: **Sýnataka og mæling á frárennsli hreinsistöðvar fiskimjölsverksmiðju Eskju hf. á Eskifirði.**

Mannvit hf. mældi rennsli og tók sýni úr frárennsli hreinsistöðvar fiskimjölsverksmiðju Eskju hf. á Eskifirði, samtímis kolmunnnavinnslu í verksmiðjunni í apríl 2017. Hófst framkvæmd þann 26. apríl klukkan 16 og stóð yfir í sólarhring.

Framkvæmd

Mælt var rennsli í aðrennislögn fleytikars hreinsistöðvar með hljóðsjá og hlutsýni tekin með sjálfvirkum sýnataka á klukkustundarfresti við frárennsli úr karinu til sjávar. Rennslisvigtað blandsýni úr hlutsýnum var sent til rannsóknar hjá Rannsóknarþjónustunni Sýni ehf., hvar mæld var fita, svifagnir og efnafræðileg súrefnisþörf (COD).

Niðurstöður

Heildarrennsli vatns í gegnum hreinsistöð mældist **457 m³**, mælt með hljóðsjánni. Niðurstöður rannsóknar Sýnis hf. má finna í töflu 1. Heildarmagn losunarefni á mælitíma eru birtar í töflu 2. Að lokum má sjá efnalosun frá hreinsistöð til sjávar í samanburði við starfsleyfismörk í töflu 3. Fita, svifagnir og COD mældist allt undir leyfilegum mörkum. Hráefnisnotkun á mælitíma var um **802 tonn**.

Tafla 1: Niðurstöður greininga Sýnis hf.

Aðferð	Mæling	Niðurstöður
Std. method 5520 B	Fita, mg/L:	16
Std. method 5220 D	COD, mg/L:	470
Std. method 2540 D	Svifagnir, mg/L:	77

Tafla 2: Magn losunarefna á mælitíma (24 klst.)

Fita, kg	Svifagnir, kg	COD, kg	Rennsli, m ³
7,3	214,7	3,5	457

Tafla 3: Efnalosun frá hreinsistöð til sjávar

Efnisþáttur	Frárennsli hreinsistöðvar	Losunarmörk skv. starfsleyfi.
Fita, mg/L	16	100
Svifagnir, g/t hráefnis	44	300
COD, kg/t hráefnis	0,3	1,5

Virðingarfyllt,

Birgir Tryggvason Flóvenz
Rannsóknarmaður